

15.nóvember 2023

Erindi til byggðarráðs.

Leikklúbbur Laxdæla þakkar þann stuðning sem Dalabyggð hefur veitt félaginu á liðnum árum.

Nú í vor 2023 stendur til að setja upp leiksýningu, bæði í tilefni af Jörvagleiðhátíð og einnig til að halda uppá 50ára afmæli félagsins.

Leikklúbburinn hefur sett upp fjöldan allan af leikverkum á liðnum árum og staðið fyrir ýmiskonar annari starfsemi, svo sem verið með leiklistarnámskeið, kvöldvökur og fl.

Sl vor stóðum við fyrir kvöldskemmtun í Dalabúð og þá kom í ljós að ljósabúnaðurinn er orðin töluvert úrsér gengin. Því er erindi okkar til byggðarráðs nú að óska eftir að farið verði í það að vinna að endurnýjun á ljósabúnaðinum ásamt stjórnborði.

Við höfum ekki kannað hvað slíkt kæmi til með að kosta, en lýsum okkur reyðubúin til að koma að því verki á einhvern hátt.

Undirritðaur veit til þess að nokkrir viðburðir hafa verið haldnir í Dalabúð þar sem utanaðkomandi aðilar hafa verið með dagskrá og þá hefur lýsingin ekki verið uppá marga fiska.

Stjórn Leikklúbbs Laxdæla óskar því eftir að byggðaráð geri ráð fyrir einhverjum fjármunum til endurnýjunar á ljósabúnaði, við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Viðringarfyllst

---

Þorgrímur Einar Guðbjartsson

Gjaldkeri